

SJÁLFBODALIÐAFORINGI



STARFSLÝSINGAR OG STARFSSAMNINGAR

- ég sé til þess félagið geri starfssamninga við alla sjálfboðaliða sína
 - samningur innihaldi starfslýsingu, tímamörk, markmið og verkefnalýsingu
 - muna siðareglur og reglur félagsins
- ég tryggji að öll störf innan félagsins séu vel skilgreind og þekkt innan félagsins
- ég gæti þess að hvert og eitt hafi (eða fái) þá þekkingu og reynslu sem þarf í sitt hlutverk
- ég sé til þess að hvert og eitt fái starfssamtal reglulega (5 mín. 1x í mán)
 - stutt spjall um hvernig gengur, rætt um persónuleg markmið og væntingar
- ég sé til þess að öllum sé persónulega þakkað fyrir sitt vinnuframlag

NÝLIÐUN SJÁLFBODALIÐA

- ég auglýsi og kynni störf fyrir fullorðnum sjálfboðaliðum
 - leita til skáta á mismunandi aldri sem geta leitað innan síns hóps
 - man að foreldrar geta verið góðir sjálfboðaliðar
- ég hjálpa nýjum sjálfboðaliðum að verða hluti af hópnum

SAMVINNA INNAN FÉLAGS

- ég gæti þess að í áætlunum félagsins sé tekið tillit til fjölda tiltækra sjálfboðaliða
- ég vinn að því að finna sjálfboðaliða til að sinna þeim verkefnum sem sett eru á áætlun
- ég kynni reglur félagsins og BÍS, ásamt viðbragðsáætlun og siðareglum Æskulýðsvettvangsins
- ég er í góðu samstarfi við félagsforingjann og dagskrárforingjann

ÖLL Í FÉLAGINU HAFI HLUTVERK

- ég skrái áhugasama sjálfboðaliða í félaginu og hvers konar verkefni þau vilja fá
- ég reyni að finna verkefni við hæfi fyrir öll sem hafa áhuga á að leggja okkur lið
- ég sé um að við höldum góðu sambandi við skáta sem eru ekki virk í starfi félagsins hverju sinni

ÖLL ÆTTU AÐ ÞRÓAST OG EFLAST Í STARFI

- ég fylgist með hvaða námskeið eru í boði fyrir sjálfboðaliðana og hvet þau til að sækja þau námskeið sem standa til boða hverju sinni
- ég aðstoða sjálfboðaliða við að þróa sig í starfi, að setja sér markmið og fylgja þeim
- ég passa að stemmingin í félaginu sé góð og sjálfboðaliðarnir geri eitthvað skemmtilegt saman

EIGIÐ STARF

- ég endurmet reglulega mitt hlutverk og verkefni
- ég er í samskiptum við sjálfboðaliðaforingja hjá öðrum félögum
- ég tek þátt í foringjaþjálfun
- ég leitast við að afla mér þekkingar um það sem er að gerast í skátastarfi innanlands og utan

ÞRENNUÞJÁLFI FYRIR SJÁLFBODALIÐAFORINGJA

- ég er í reglulegu sambandi við þrennuþjálfann
- ég fæ stuðning frá þrennuþjálfna og ræði hvað er að gerast í félaginu

